

Greinargerð

um framkomnar athugasemdir á kynningartíma tillögu að friðlandi við Fitjaá í Skorradal.

Tillaga að friðlýsingu votlendissvæðis Fitjaár í Skorradal sem friðland í samræmi við 49. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd var auglýst þann 18. mars 2020 í samræmi við 2. mgr. 39. gr laganna. Erindi var sent öllum samráðs- og hagsmunaaðilum sem og rétthöfum lands þar sem fram kom hvar tillöguna væri að finna og hvernig hægt væri að koma athugasemdum og ábendingum á framfæri. Sérstaklega var óskað eftir umsögnum fagstofnana sem ekki áttu sæti í samstarfshópnum. Auk þess var tillagan auglýst á heimasíðu Umhverfisstofnunar og Facebook síðu Umhverfisstofnunar. Frestur til að gera athugasemdir var til og með 24. júní 2020.

Alls bárust þrettán umsagnir á kynningartíma; frá Sjálfbóðaliðasamtökum um náttúruvernd, Veiðifélagi Andakílsár, Solveigu K., Salvöru, Áslaugu og Védísi Jónsdætrum, Guðmundi Eggertssyni, Lárusi Lárussyni, Framdalsfélaginu, landeigendum Fitja, Náttúrufræðistofnun Íslands (NÍ), Orku náttúrunnar, Landvernd, ISAVIA, Vegagerðinni og Hafrannsóknastofnun.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim umsögnum sem bárust og afstöðu samstarfshópsins til þeirra. Umfjölluninni er skipt upp eftir efnisatriðum.

Mörk svæðisins

Sjálfbóðaliðasamtök um náttúruvernd benda á að í gildandi aðalskipulagi Skorradalshrepps 2010-2022 er allt land Vatnshornsjarðarinnar skilgreint sem náttúruverndarsvæði og mörkuð sú stefna að vinna eigi að stækkun friðlands birkiskógavista skv. lögum um náttúruvernd. Fyrr á þessu ári staðfesti ráðherra ákvörðun hreppsins um að gera svæði í fram-Skorradal að verndarsvæði í byggð og eru fornu þjóðleiðirnar hluti af því. Í meira en áratug hefur það því verið stefna sveitarfélagsins að friðlýsa alla Vatnshornsjörðina, bæði vegna náttúru- og menningarminja. Samtökin taka undir þessa stefnu og leggja til að friðlýst verði stærra svæði en bara votlendið við Fitjaá, þ.e. að hlíðin austan við friðlandið Vatnshornsskógar, út að mörkum Bakkakots, verði einnig friðuð og tengi þannig fyrirhugað votlendisfriðland því friðlandi sem fyrir er í Vatnshornsskóg. Slíkt samfelt friðland myndi hafa meira gildi en ef þessi tvö friðlönd verði ótengd og þrengt verði að þeim með áberandi framandi og ágengum tegundum eins og barrtrjám og lúpínu. Sjálfbóðaliðasamtökin taka undir áherslu NÍ um mikilvægi þess að vinna gegn framrás lúpínu inn á friðlýst svæði, sbr. skýrslu NÍ-11007 (*Gróðurfar í votlendi á Fitjum í Skorradal* sem unnin var árið 2011 fyrir Huldu Guðmundsdóttur, Fitjum).

Solveig K., Salvör, Áslaug og Védís Jónsdætur gera í umsögn sinni ekki athugasemdir við tillöguna að friðlandi við Fitjaá. Fjallað er um land jarðarinnar Vatnshorns. Bent er á að Vatnshornsland, sem sé hluti af svæði nr. 238 á- náttúruminjaskrá, sé lögbýli í eyði í eigu Ríkissjóðs Íslands, að undanskildum tveimur lóðum í norðvestur hluta Vatnshornsskógar sem eru í eigu fjölskyldna þeirra. Í núgildandi aðalskipulagi Skorradalshrepps sé mörkuð sú stefna að vinna að stækkun friðlands birkiskógavistkerfis. Í umsögn Umhverfisstofnunar um skipulagið hafi stofnunin bæði tekið undir mikilvægi friðunar ósasvæðis Fitjaár sem og mikilvægi þess að stækka friðlandið í Vatnshorni þannig að það nái til allrar jarðarinnar. Frá staðfestingu ráðherra á aðalskipulaginu hafi fornminjaskráning verið unnin fyrir Framdalinn,

þ.m.t. í landi Vatnshorns og séu 56 minjar skráðar á jörðinni sem njóti verndar skv. lögum nr. 80/2012 um menningarminjar. Þá hafi mennta-og menningarmálaráðherra í febrúar 2020 staðfest ákvörðun hreppsins um að gera svæði í framdal Skorradals að verndarsvæði í byggð. Vilji stjórnvalda, þ.e. núverandi eiganda jarðarinnar og heimamanna (sveitarfélagsins) standi því til þess að vernda alla jörðina. Lýst er yfir eindregnum stuðningi við slík áform, enda sé það í samræmi við umfjöllun Náttúrufræðistofnunar Íslands um tillögu Umhverfisstofnunar. Það komi því á óvart að Umhverfisstofnun skuli nú kynna tillögu að Friðlandi við Fitjaá þar sem einungis votlendisnes við Fitjaá eru tilgreind sem hluti Vatnshorns af fyrirhuguðu friðlandi enda engin rök tilgreind fyrir þessum umskiptum sem séu mjög andstæð yfirlýstum og staðfestum vilja eiganda jarðarinnar og sveitarfélagsins.

Framdalsfélagið fagnar því að votlendissvæði Fitjaár verði friðland, þar sem m.a. verði unnið að því að hefta útbreiðslu lúpínu, sbr. ábendingar Náttúrufræðistofnunar í NÍ-11007 (*Gróðurfar í votlendi á Fitjum í Skorradal* sem unnin var árið 2011 fyrir Huldu Guðmundsdóttur, Fitjum). Félagið leggur hins vegar til að tillagan verði endurskoðuð og að land Vatnshornsjarðarinnar sem er austur af núverandi friðlandi verði bætt við tillöguna, í samræmi við upphaflega tillögu landeigenda Fitja, enda hafi ekki komið fram rök fyrir því hvers vegna tillögunni var breytt. Félagið vísar til umsagnar Náttúrufræðistofnunar Íslands um ávinning þess að tengja saman friðland Vatnshornsskógar og fyrirhugað friðland við Fitjá. Þá er bent á að í aðalskipulagi Skorradalshrepps sé mörkuð sú stefna að vinna að stækkun friðlands birkiskógavistkerfis og að það hafi verið stefna Skorradalshrepps í meira en áratug að friðlýsa alla Vatnshornsjörðina, sem sé landnámsjörð. Fyrir á árinu hafi ráðherra staðfest ákvörðun hreppsins um að gera heimatún Vatnshorns að verndarsvæði í byggð. Samfeltt friðland náttúru- og menningarminja hefði meira gildi en tvö ótengd friðlönd með lítið menningarminjasvæði sín á milli og óskýr mörk. Verði þrengt að friðlöndunum, verndarsvæðinu og þjóðleiðinni um Síldarmannagötur með áberandi framandi og ágengum tegundum eins og barrtrjám og lúpínu glatist sú heildarmynd sem fengist með friðun þess svæðis eins og upphaflega tillagan snérist um en engin rök hafi komið fram um hvers vegna horfið var frá henni. Þá er bent á að með upphaflegri tillögu sé komið til móts við markmiðsákvæði nýrra skógræktarlaga, þ.e. að vernda og stuðla að útbreiðslu náttúruskóga landsins og vernda og stuðla að endurheimt líffræðilegrar fjölbreytni. Votlendi Fitjaár og Vatnshornsland myndi heildstætt og samfeltt svæði með náttúrugróðri í endurheimt sem í felist sérstakt verndargildi, ekki síst í ljósi þess að mest allt annað land við Skorradalsvatn hafi þegar verið tekið til skógræktar eða undir frístundahús.

Guðmundur Eggertsson lýsir yfir stuðningi við umsögn Framdalsfélagsins og telur mikilvægt að votlendisfriðlandið tengist því friðlandi sem fyrir er í Vatnshornsskógi.

Lárus Lárusson gerir í umsögn sinni ekki athugasemdir við tillöguna að friðlandi við Fitjaá. Fjallað er um land jarðarinnar Vatnshorns og saga Vatnshorn rakin aftur til Laxdælu. Fram kemur að gera megri ráð fyrir að í fyrri tíð hafi hlíðar Skorradals verið skógi vaxnar beggja megin vatnsins eftir endilöngum dalnum. Þessa beri þó ekki lengur merki en frá túnjaðri Vatnshorns út að skógi sé nú u.þ.b. 1 km autt svæði, svæði sem nýta mætti til endurnýjunar á þeim birkiskógi sem áður var. Margir birkirunnar séu að skjóta upp kollinum á þessu svæði sem gaman væri að sjá aukast á næstu áratugum. Heyrst hafi að Skógræktin vilji planta barrtrjám sem hann telur ekki æskilegt. Nær væri að safna fræjum úr birkiskóginum Vatnshornsskógi sem hefur endurnýjað sig í þúsundir ára og nýta fræin til að rækta upp birki á þessu svæði. Auðu svæðin þurfi að friða og leyfa náttúrunni að hafa sinn gang.

Náttúrufræðistofnun Íslands tekur undir að votlendið við Fitjaá verði friðlýst og markmið með friðlýsingu þess. Stofnunin vísar til umsagna sinna á fyrri stigum og bendir á að ekki hafi verið upplýst hvers vegna fallið hafi verið frá upprunalegri hugmynd um stærra friðland, sem stofnunin telji mun eðlilegri tillögu en að þrengja verulega að votlendinu og vistkerfi þess eins

og núverandi tillaga geri. Að mati Náttúrufræðistofnunar eigi að halda votlendi við Fitjaá og framvindu jaðarsvæðis þess eins náttúrulegu og hægt er og t.d. ekki planta í jaðarsvæðið framandi plöntu- eða trjátegundum. Náttúrufræðistofnun telur að farsælla sé að styðjast við upphaflega friðlýsingartillögu.

Landvernd styður þau markmið sem fram koma í tillögunni að friðlýsingu votlendissvæðis Fitjaár og undirstrikar mikilvægi þess að vernda votlendisvistkerfi. Er þó bent á að betur megi gera með því að friðlýsa stærra svæði en núverandi áform ná til. Landvernd leggur til að hlíðin austan við friðland Vatnshornsskógar, út að mörkum Bakkakots, verði einnig friðuð og tengi þannig fyrirhugað votlendisfriðland því friðlandi sem fyrir er í Vatnshornsskógi. Slíkt samfelld friðland myndi hafa meira gildi en ef þessi tvö friðlönd verða ótengd.

Landeigendur Fitja lýsa yfir óánægju sinni með tillögunum að friðlandi við Fitjaá og telja óásættanlegt að Umhverfisstofnun hafi fallið frá upphaflegri tillögu landeigenda. Stofnunin hafi ekki lagt fram nein rök fyrir þeim viðsnúningi.

Landeigendur "harma mjög" að hafa ekki verið vakandi fyrir alvarlegum rangfærslum sem settar hafi verið fram á 2. fundi samstarfshópsins í maí 2019 og birtast í fundargerð fyrir fundinn. Landeigendur freisti þess því að umhverfisráðherra, sem tiki lokaákvörðun um friðlýsinguna, beiti sér. Draga landeigendur m.a. fram eftirfarandi atriði úr fundargerðinni:

„Fundarefni

1. Eva fór yfir tillögu landeiganda að mörkum fyrir verndarsvæðið (Huldu) með tilliti til votlendisins og birkivistgerðar í Vatnshornshlíð og bréf Ríkiseigna dags. 2. maí 2019 þar sem tilkynnt var um breytta afstöðu Ríkiseigna og fallist var á tillögunum.

2. Einnig var farið ítarlega yfir mat Náttúrufræðistofnunar á verndargildi svæðisins. Útskýrt var að Umhverfisstofnun metur ekki verndargildið heldur óskar eftir mati Náttúrufræðistofnunar sem lætur í té sjálfstætt mat. Umhverfisstofnun skoðar hins vegar hvað þurfi að gera, t.d. varðandi uppbyggingu innviða með tilliti til þess að tryggja að verndargildi viðhaldist.

Samkvæmt mati NÍ má skipta tillögu svæðinu gróflega upp í annars vegar votlendissvæði við Fitjaá og hins vegar hlíðar Hálsins sunnan við Fitjaá frá núverandi friðlandi að landamerkjum Vatnshorns á móti Bakkakoti: [...].

Einnig, undir lið 2.:

Ávinningur verndar: Friðlýsingin myndi vernda allstórt, samfelld, lítið raskað votlendi við Fitjaá. Votlendi sem þetta gegnir fjölbreyttu hlutverki í vistkerfum, t.d. er það mikilvægt búsvæði fyrir ákveðnar plöntu- og fuglategundir, það dregur úr áhrifum flóða og mengunar, eykur vatnsgæði straumvatna sem um það renna og varðveitir kolefni í jarðvegi svo að eitthvað sé nefnt. Þetta er í samræmi við markmið 2. gr. laga um náttúruvernd þar sem kveðið er á um vernd líffræðilegrar fjölbreytni með því að viðhalda tegundafjölbreytni og vistfræðilegum ferlum. Með því að tengja svæðið við Vatnshornsskóg fæst landslagsheild með gróskumiklum birkiskógum, mólendi þar sem vísbendingar eru um birkikjarr muni vaxa upp á næstu áratugum, og votlendi Fitjaár.

Undir lið 8, m.a. eftirfarandi:

Mat starfshópsins er að horft verði til birkiskógavistgerðarinnar og votlendisins sem heildar enda áhugi á vernd birkiskógavistgerðarinnar. Í því sambandi var bent á mögulegan kruga þar sem áhersla væri á birki umfram aðrar tegundir. Hafa þarf í huga möguleg áhrif frá jaðarsvæði inn á verndarsvæði. Landslagsheildin skiptir einnig máli. Afmörkun í Skorradalavatni verði þannig að ekki liggi að sumarmúsalóðunum.

Rætt var um möguleika á endurheimt birkis í Vatnshornshlíð. Skógræktin hefur ekki unnið áætlun um ræktun í Vatnshornshlíð, svo vitað sé.

Valdimar tjáði að Skógræktin hafi keypt landið, þ.e. 16% hluta sveitarfélagsins af Vatnshornslandi. Þar sem landið er keypt á kennitölu Skógræktarinnar þá telur Valdimar að Skógræktin hafi ákvörðunarvaldið en ekki Ríkiseignir. Valdimar benti á að verndarsvæðið ætti ekki að ná upp í Vatnshornshlíð heldur ætti að miða við land (votlendið) neðan vegar.

Ákveðið var að Eva óskaði eftir upplýsingum frá Ríkiseignum varðandi eignarhald landsins. Eva benti á að í raun skipti ekki máli hvort að Skógræktin væri landeigandi eða umráðandi landsins. Ákveðið var að Umhverfisstofnun óskaði eftir fundi með Skógræktinni um afmörkun, ræktunaráform í Vatnshornshlíð o.fl. er varðar fyrirhugaða friðlýsingu. Valdimar sendir Evu upplýsingar um tengiliði hjá Skógræktinni.

[...] Hlíðin er að gróa upp eftir 20 ára beitarfriðun.

Vatnshornshlíðin er að gróa upp. Það eitt eru nægileg rök fyrir því að þar þarf ekki að rækta skóg. Staðarbirkid breiðir úr sér og mun á örfáum áratugum endurnýja sig í hlíðinni þar sem 1000 ára búseta með nýtingu skógarins til ýmissa nota hafði sett mark sitt á svæðið.

Við setningu náttúruverndarlaga á árinu 2013 er kveðið á um vernd birkiskóga og leifa þeirra. Í athugasemdum með frumvarpinu á þskj. 537 — 429. mál segir um 1. mgr. 57. gr., b.lið:

„Með birkiskógum er hér átt við þá skóga sem einkennast af náttúrulegri nýliðun og aldursdreifingu, þar sem eru m.a. gömul tré og þar sem vex dæmigerður botngróður birkiskóga. Birki er ein affáum náttúrulegum trjátegundum á Íslandi og teljast birkiskógar til lykilstærfa á Íslandi. Þeir veita margvíslega vistþjónustu, svo sem við miðlun vatns og næringarefna. Birkiskógar í vexti binda kolefni úr andrúmslofti. Þar sem skógar breiðast út um skóglaust land með rýrum jarðvegi getur heildarbinding kolefnis orðið bæði mikil og langvarandi, ekki síst í jarðvegi. Birkiskógar geta dregið úr áföllum vegna náttúruhamfara, t.d. með því að binda eldfjallagjóska þannig að hún nái ekki að fjúka og valda skaða á gróðri, jarðvegi og mannvirkjum. Þá verja birkiskógar jarðveg fyrir rofi af völdum vatns, vinda og skriðuhlaupa enda varð hin mikla jarðvegseyðing, sem átt hefur sér stað hér á landi, í mörgum tilvikum í kjölfar eyðingar skóga og kjarrlendis. Birkiskógar eru meðal fjölsóttustu útivistarsvæða landsins og hafa um aldir veitt mönnum upplyftingu og innblástur. Birkigróin lönd eru eftirsóknarverð fyrir frístundabyggð og hafa orðið æ verðmætari fyrir landeigendur, ekki síst bændur sem vilja breyta búskaparháttum sínum.

Erfðabreytileiki er mikill í íslensku birki innan og milli kvæma. Einnig virðist vera munur milli landshluta hvað varðar aðlögun og aðra erfðafræðilega eiginleika. Íslenskt birki virðist yfirleitt hafa mikla aðlögunareiginleika. Besta leiðin til að vernda erfðalindir íslenska birkisins er að stuðla að náttúrulegri útbreiðslu þess og varðveita leifar gamalla birkiskóga og erfðaefni þeirra.“

Undirstrikun hér að ofan er okkar - til að draga fram mikilvæg rök fyrir vernd hinnar náttúrulegu nýliðunar birkiskógarins í Vatnshornshlíð.“

Að endingu lýsa landeigendur Fitja því yfir að þeir séu ósáttir og vísa til 2. málsl. 2. mgr. 39. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd hvað það varðar. Landeigendur óska jafnframt eftir því að umhverfisráðherra beiti sér fyrir því að tillagan verði endurskoðuð m.t.t. upphaflegra áforma landeigenda eða að fram komi rök fyrir því af hverju virða eigi þau að vettugi.

Viðbrögð samstarfshópsins við athugasemdum

Sú afmörkun sem tillagan nær til er niðurstaða vinnu samstarfshóps sem vann að undirbúningi friðlýsingarinnar og leggur til að svo stöddu. Eins og fram kemur í fundargerðum samstarfshópsins, vegna funda dags. 14. maí 2019 og 16. september 2019, var ekki einhugur um að auglýsa tillögu að friðlýsingu stærra svæðis en gert er ráð fyrir í auglýstri tillögu.

Við undirbúning tillögunnar um friðland við Fitjaá lýsti Skógræktin því ítrekað yfir að hún væri andsnúin friðlýsingu Vatnshornshlíðar en Skógræktin er, ásamt Ríkissjóði, skráður umráðandi landsins skv. Fasteignaskrá. Þá vildi sveitarfélagið vinna að friðlýsingu votlendissvæðisins en ekki Vatnshornshlíðarinnar, a.m.k. ekki að svo stöddu.

Vegna framkominna athugasemda landeigenda Fitja við auglýsta tillögu að friðlýsingu innti Umhverfisstofnunar, með tölvupósti dags. 24. júní 2020, landeigendur svara við því hvort að líta skuli svo á að landeigendur Fitja samþykki ekki þá tillögu að friðlýsingu svæðisins sem lögð hefur verið fram. Í svari landeigenda, dags. 25. júní 2020, er útskýrt að með athugasemdunum hafi þeir viljað koma afstöðu sinni á framfæri svo óánægja þeirra liggi fyrir. Þeir séu ekki að hafna núverandi tillögu.

Niðurstaða samstarfshópsins var því sú að leggja til friðlýsingu votlendissvæðisins samkvæmt auglýstri tillögu og undanskilja hlíðina að svo stöddu.

Athugasemdir Umhverfisstofnunar

I

Sú tillaga að friðlýsingu sem hér er lögð fram var unnin af samstarfshópi sem í áttu sæti fulltrúar Umhverfisstofnunar, Skorradalshrepps, umhverfis- og auðlindaráðneytisins, Skógræktarinnar og Ríkiseigna, auk landeigenda Fitja sem áttu frumkvæðið af friðlýsingu svæðisins.

Eins og fram kemur í þeim athugasemdum sem bárust við tillöguna tekur hún til minna svæðis en upphafleg tillaga landeigenda Fitja gerði ráð fyrir. Umhverfisstofnun telur því rétt að gera grein fyrir því að samstarfshópurinn var ekki einhuga um afmörkun svæðisins.

Í upphafi undirbúnings friðlýsingarinnar óskaði Umhverfisstofnun eftir mati Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi þess svæðis sem tillaga landeigenda Fitja náði til. Í mati Náttúrufræðistofnunar Íslands var mikil áhersla lögð á verndargildi þess óspillta votlendissvæðis sem er við ósa Fitjaár og fram kemur m.a. að votlendið á flóðsléttu Fitjaár gegni fjölbreyttu og mikilvægu hlutverki í vistkerfum, dragi úr áhrifum flóða og mengunar, auki vatnsgæði straumvatna sem um það renna og að lífrænn jarðvegur votlendisins hafi hátt kolefnisinnihald og mikla vatnsgeymd. Er þar m.a. að finna fjölbreytt mýragróðursamfélög og vatnaplöntur og svæðið geymi votlendisvistgerð sem hefur mjög hátt verndargildi og er á lista Bernarsamningsins frá 2014 yfir vistgerðir sem þarfnast verndar.

Um hlíðar Hálsins, sem skilur að Skorradal og Grafardal segir að þar beri merki um gróðureyðingu og jarðvegsrof og eigi það við um þann hluta tillögusvæðisins sem er suðaustur af Vatnshornsskógi. Árið 2014 hafi gróðurkortlagning Rannsóknastofnunar landbúnaðarins frá 1970 verið endurskoðuð eftir nýjum myndkortum sem leiddi í ljós að landið er nú að jafnaði allvel gróið lynggróðri og mosaríkum gróðursamfélögum sem sýnir að dregið hafi úr rofi og landið sé í framför. Í nágrenni við Vatnshornsskóg eru einnig merki um að birki sé að dreifa úr sér út fyrir girðingu frá 2002 bæði upp hlíðarnar og til suðurs inn Skorradal.

Með því að tengja svæðið við Vatnshornsskóg fáiist landslagsheild með gróskumiklum birkiskógum, mólendi þar sem vísbendingar eru um að birkikjarr muni vaxa upp á næstu áratugum, og votlendi Fitjaár.

Þá kom fram að aukin útbreiðsla lúpínu í votlendi og mólendi við Fitjaá og í hlíðum Hálsins séu möguleg ógn við náttúrulegan gróður svæðisins. Það sama gildi um vaxandi frístundabyggð og skógrækt.

Framangreint mat Náttúrufræðistofnunar Íslands á verndargildi svæðisins ásamt korti sem sýndi tillögusvæðið fylgdi beiðni Umhverfisstofnunar um skipan fulltrúa í samstarfshópinn.

II

Ríkiseignir f.h. fjármála- og efnahagsráðuneytisins, landeiganda Vatnshorns, tilkynntu að fallist væri á þá tillögu sem lögð var fram með beiðni Umhverfisstofnunar um skipan fulltrúa í samstarfshópinn en það væri „í samræmi við drög að eigendastefnu ríkisins og að jörðin Vatnshorn var á sínum tíma keypt m.a. til að stuðla að frekari verndun á Vatnshornsskógi sem fengið hefur að þróast að mestu óáreittur um langt skeið“.

Ríkiseignir bentu einnig á að Skógræktin væri með starfsemi í landi Vatnshorns og taldi rétt að Skógræktinni væri boðið að eiga fulltrúa í samstarfshópnum.

Skógræktin, umsjónaraðili Vatnshorns, taldi hins vegar rétt að undanskilja Vatnshornshlíð.

Umhverfisstofnun átti vegna þessa fund með fulltrúum Skógræktarinnar og fulltrúa umhverfis- og auðlindaráðuneytisins hinn 28. maí 2019.

Umhverfisstofnun lagði til að svæðið yrði friðlýst í samræmi við vilja landeigenda Fitja og mat Náttúrufræðistofnunar á verndargildi svæðisins og að horft yrði til þess að planta birki í hlíðinni sem er framhald friðlýsta svæðisins í Vatnshornsskógi. Fram kom að Umhverfisstofnun telji að það myndi m.a. samrýmast vel markmiðsákvæðum nýrra laga um skóga og skógrækt, ekki síst a. liðar 1. gr. laganna um að stefna skuli að því að vernda og stuðla að aukinni útbreiðslu náttúruskóga og einnig g. liðar um að stuðla að kolefnisbindingu með ræktun skóga og aðlögun þeirra að loftslagsbreytingum.

Skógræktin velti því fyrir sér hvort ekki sé mikilvægara að binda kolefni með annarskonar skógi en birkiskógi og sleppa því að friðlýsa þar sem aðrar tegundir en birki bindi mun meira kolefni, t.d. sitkagreni. Skógræktin taldi einnig að votlendið væri ekki í hættu af völdum skógræktar þar sem svæðið sé of blautt til að skógur þrífist þar, mögulega muni víðir vaxa þar en ekki aðrar tegundir.

Skógræktin tók fram að til að falla frá áformum um ræktun annarra tegunda en birkis þá þyrftu að vera sterk rök fyrir því. Skógræktin taldi að landslagsheild svæðisins væru ekki nægilega sterk rök fyrir friðlýsingu. Skógræktin var sammála mati Náttúrufræðistofnunar Íslands varðandi verndargildi votlendisins og vill leggja áherslu á vernd þess en telur ekki ástæðu til að friðlýsa hlíðina. Einnig kom fram að Skógræktin hygðist beita sér gegn friðlýsingu Vatnshornshlíðarinnar með öllum ráðum.

Hinn 3. júní 2019 sendi Skógræktin Umhverfisstofnun kort af þeim mörkum sem Skógræktin var reiðubúin að samþykkja að yrði friðlýst. Var hlíðin þar undanskilin.

Umhverfisstofnun óskaði í kjölfarið, hinn 6. júní 2019, eftir nánari mati Náttúrufræðastofnunar Íslands á verndargildi hlíðarinnar sem tengir saman votlendi Fitja og Vatnshornsskóg.

Í svari Náttúrufræðistofnunar Íslands sem barst 7. júní 2019 segir:

„Verndargildi hlíðarinnar einnar og sér er e.t.v. ekki ýkja hátt. Þar er rofið land sem þó ber þess merki að það sé að gróa upp og birkikjarr að breiðast út. Hlíðin hefur þó gildi til verndar sem hér eru nefnd:

1) Hlíðin liggur að votlendinu suðvestanverðu, þess sem ætlunin er að vernda, og er hún því jaðarsvæði votlendisins. Huga þarf vandlega að jaðarsvæðum mikilvægra vistkerfa eins og votlendis, svo að athafnir á þeim raski ekki ferlum vistkerfanna. Sem dæmi mætti nefna sumharhúsabyggð og landgræðslu/skógrækt sem gæti raskað ferlum votlendisins komi til þeirra.

2) Hlíðin liggur að Vatnshornsskógi sem er sérlega gott dæmi um þroskaðan birkiskóg, blómskógavist, sem hefur að geyma fágætar tegundir sérhæfðar slíku vistkerfi. Í hlíðinni suðaustur af skóginum er birkikjarr að vaxa upp og mynda kjarrskógavist. Þarna er því dæmi um framvindu birkiskógavistgerða en með vernd slíkra svæða má gera ráð fyrir að staðið sé vörð um tegundafjölbreytni og vistfræðilega ferla birkiskóga. Vernd birkiskóga er heldur ábótavant hér á landi og hefur þeim víða verið spillt með búffjárbeit, sumarhúsabyggð, skógrækt og lúpínu. Þess má geta að litlu innar í dalnum frá Vatnshornsskógi er stunduð skógrækt. Með friðun frá búffjárbeit er líklegt að kjarrskógavist breiðist hraðar út í hlíðinni,

3) Líklegt má telja að með samfellu verndarsvæða frekar en margra aðskildra, minni svæða, megi stuðla að skilvirkari náttúruvernd. Með því er líklegra að náttúrulega ferli séu eðlileg.

Umhverfisstofnun upplýsti Skógræktina um framangreint mat Náttúrufræðistofnunar og óskaði eftir afstöðu hennar. Í svari Skógræktarinnar segir að mat Náttúrufræðistofnunar á verndargildi hlíðarinnar breyti ekki afstöðu stofnunarinnar.

III

Fyrir liggur mat Náttúrufræðistofnunar Íslands og viðbótarmat á náttúruverndargildi svæðisins.

Eins og áður greinir áttu landeigendur Fitja frumkvæðið að fyrirhugaðri friðlýsingu og var því ekki gert ráð fyrir tillögunni á framkvæmdaáætlun náttúruminjaskrár. Þegar svo háttar til er ráðherra (einungis) heimilt að ákveða friðlýsingu með samþykki landeiganda og viðkomandi sveitarfélags, sbr. 2. másl. 2. mgr. 38. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd.

Með bréfi dags. 26. júní 2019 óskaði Umhverfisstofnun eftir því að umhverfis- og auðlindaráðuneytið veitti nánari leiðbeiningar til Umhverfisstofnunar, Skógræktarinnar og eftir atvikum Ríkiseigna um fyrirvar ríkisjarðarinnar og þar með hver hafi umboð til að taka afstöðu til friðlýsingar svæðisins Vatnshorns megin. Umhverfisstofnun óskaði jafnframt eftir leiðbeiningum og afstöðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins svo unnt væri að halda áfram með málið.

Í svari umhverfis- og auðlindaráðuneytisins, dags. 11. júlí 2019, kemur fram að mat ráðuneytisins sé það að leggja skuli áherslu á friðlýsingu votlendisins og að kort af fyrirhuguðu friðlýstu svæði skuli taka mið af tillögu Skógræktarinnar.

Vatnshæð Skorradalsvatns

Orka náttúrunnar (ON) segir tillöguna um friðland við Fitjaá ná til starfssvæðis ON í Andakíl og Skorradal þar sem ON rekur Andakílsárvirkjun og nýtir vatnasvið Andakílsár til vatnsmiðlunar þ.m.t. Fitjaá og Skorradalsvatn. Um starfsemi virkjunarinnar gildi leyfi til vatnsmiðlunar útgefið 1957 en í leyfinu séu m.a. vatnshæðarmörk Skorradalsvatns skilgreind. Núverandi ástand votlendisins sé að hluta til manngert ástand, viðhaldið af virkjuninni. Þá er bent á að við framtíðar rekstur virkjunarinnar sé óhjákvæmilegt að vatnsborð Skorradalsvatns liggja yfir hluta af fyrirhuguðu friðlandi við Fitjaá, sérstaklega á tímabilinu 15. september til 15. maí, en hluta af þeim sveiflum megi rekja til náttúrulegra sveifla en það myndi gerast þó að

virkjunin væri ekki til staðar. Vegna þessa ætti auglýsing um friðland við Fitjaá í Skorradal að endurspeglar þá starfsemi sem þegar er á svæðinu og þau áhrif sem starfsemin hefur haft á hið friðlýsta svæði. ON telur brýnt að skilmálar fyrirhugaðrar friðlýsingar skerði ekki möguleika ON á að sinna rekstri virkjunar á svæðinu og að tillit verði tekið til starfsemi Andakílsárvirkjunar í auglýsingu um friðland Fitjaár. Þá óskar ON eftir nánun samstarfi við gerð stjórnunar- og verndaráætlunar fyrir fyrirhugað friðland.

Veiðifélag Andakílsár segir ljóst að votlendissvæði Fitjaár hafi myndast við það að stífla Skorradalsvatns var hækkuð og að því sé raunin sú að votlendið sé að stórum hluta manngert. Veiðifélagið krefst svara við því við hvaða vatnshæð í Skorradalsvatni sé miðað til að viðhalda megi núverandi votlendi. Þá er innt svara við því hvers vegna eigi að fjalla um grunnvatnsstöðu á svæðinu í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið, sbr. 5. gr. auglýsingarinnar. Gerðar séu athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu votlendis Fitjaár í Skorradal ef tilgangur friðlýsingarinnar er að einhverju leyti sá að tryggja ákveðna lágmarkshæð yfirborðs Skorradalsvatns til að tryggja grunnvatnshæð í umræddu votlendi Fitjaár. Vatnsrennsli í Andakílsá byggir á skömmtuðu rennsli úr Skorradalsvatni, auk rennslis í þverám og lækjum sem renna í ána. Lífríki Andakílsár neðan virkjunar byggir því á að tryggt sé ákveðið lágmarksrennsli árinna. Andakílsá rennur síðan inn á Ramsarsvæðið Friðland fugla í Andakíl. Þar er áin mikilvægur hlekkur í því vistkerfi sem hefur alþjóðlega viðurkenningu. Lífríki Andakílsár sé nú þegar undir verulegu álagi vegna reksturs Andakílsárvirkjunar og ljóst að það þoli ekki meira álag. Í ljósi þeirra skaðlegu afleiðinga sem skert eða ekkert rennsli vatns í Andakílsá hefði fyrir lífríki árinna og innan Ramsarsvæðisins í Andakíl fer Veiðifélag Andakílsár fram á að ef af fyrirhugaðri friðlýsingu votlendis Fitjaár verður, verði hvorki í friðlýsingarskilmálum né í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið nokkur þau ákvæði sem gera kleift að skrúfa fyrir rennsli í Andakílsá eða draga úr því niður fyrir það lágmark sem nú er. Einnig gerir veiðifélagið kröfu um að engin þau ákvæði verði í friðlýsingarskilmálum eða í stjórnunar- eða verndaráætlun, sem með túlkun, megi skilja sem kvöð um að draga verði úr rennsli í Andakílsá.

Viðbrögð við athugasemdum

Tekið er undir ábendingar um að mikilvægt sé að skaða ekki verndargildi Ramsarsvæðisins Andakíls og samstarfshópurinn tekur fram að friðlýsing eins votlendissvæðis komi ekki í veg fyrir að unnið sé að friðlýsingu annars votlendis sem talið er hafa hátt verndargildi, sbr. 1.-3. gr. tillögunnar. Við undirbúning tillögunnar var m.a. höfð hliðsjón af Ramsarsamningnum, Bernarsamningnum, samningnum um líffræðilega fjölbreytni og loftslagssamningi Sameinuðu þjóðanna. Samstarfshópurinn tekur ekki undir það að votlendissvæði Fitjaár sé að stórum hluta manngert og bendir á að Fitjaá, sem rennur úr Eiríkuvatni, renni í Skorradalsvatn. Úr Skorradalsvatni rennur Andakílsá.

Ekki er gert ráð fyrir að friðlýsing votlendissvæðisins við Fitjaá muni hafa áhrif vatnsmiðlun í Andakílsá eða á rekstur Andakílsárvirkjunar sem hefur verið starfrækt frá árinu 1947.

Umhverfisstofnun ber ábyrgð á að gerð sé stjórnunar- og verndaráætlun fyrir friðlýst svæði þar sem m.a. er skylt að fjalla um landnýtingu, verndaraðgerðir, fræðslu, umferð, dvöl og aðgengi. Stjórnunar- og verndaráætlun skal gerð í samvinnu við eigendur svæðisins, Náttúrufræðistofnun Íslands, viðkomandi sveitarstjórnir og eftir atvikum aðrar fagstofnanir og hagsmunaaðila. Áætlunina skal endurskoða eftir því sem tilefni er til. Samstarfshópurinn telur eðlilegt að fjallað sé um grunnvatnsstöðu votlendissvæðisins í stjórnunar- og verndaráætlun fyrir svæðið þar sem grunnvatnstaða þess getur haft áhrif á verndargildi þess og stöðu, þ.á m. áhrif á gróðurfélög og tegundasamsetningu. Verður því áhersla lögð á að hafa m.a. samráð við bæði ON og

Veiðifélagið sem hagsmunaaðila við gerð áætlunarinnar. Er á það bent að í skýrslu NÍ-11007 þykir ekki óhugsandi að sveiflur í vatnsborði Skorradalsvatns geti að einhverju leyti átti þátt í gróðurfarsbreytingum á votlendissvæði Fitjaár.

Vegagerðin, ISAVIA og Hafrannsóknastofnun gera ekki athugasemdir við tillöguna.

Reykjavík 9.9.2020
UST201902-070
09.03.